



BYGGÐASAFN REYKJANESBÆJAR



Bryggjuhúsið. Ljósmynd OZZO, 2014

Ársskýrsla 2014

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Starfsemin.....	4
Starfsmenn safnsins.....	4
Helstu verkefni	4
Ráðstefnur, námskeið og fundir.	4
Rekstur safnsins.....	5
Endurskipulag Rammans.	5
Vatnsnes	5
Sýningar og miðlun.....	6
Bryggjuhús	6
Yfirlit yfir fjármál sýningarinnar.....	6
Bíósalur.....	6
Safnafræðsla.....	7
Þorrinn.....	7
Sjómannadagurinn og 17 júní.....	8
Bókasafn	8
Gestafjöldi	8
Fræðslufundir	8
Vefur og Facebook.....	8
Rannsóknir.....	9
Fornleifarannsókn í Vogu Höfnum, 2014.....	9
Rekstur fornleifarannsóknarinnar, 2014	9
Safnkosturinn.....	11
Munasafn.....	11
Poppminjasafn Íslands.....	12
Myndasafn.....	12
Skjalasafn Reykjanesbæjar	13

Samantekt

Á árinu voru tvö stór verkefni sett á laggirnar, annars vegar uppsetning grunnsýningar í Bryggjuhúsi og hins vegar yfirfærsla safnskrár munasafns í Sarp.

Sýningin var opnuð 29. maí og er hún fyrsta sýningin á miðlofti Bryggjuhúss en viðgerðum lauk á húsinu á árinu. Á sýningunni er lögð áhersla á að sýna samhengi sögunnar á svæðinu tengja saman nýrri sögu og eldri og náttúrufari. Sýningin er skipulögð þannig að hægt er að flétta inn í hana nýjum þráðum og taka út aðra. En ávallt verður áherslan lögð á að sýna söguna í samhengi. Átak var gert í þjónustu við skólastofnanir og góður árangur náðist. Einnig var lögð áhersla á að auka þjónustu við almenning með fræðslufundum.

Yfirfærsla safnskrár munasafns í Sarp sem hófst á árinu er mikið verk og mikilvægt. Það náðist að koma verkinu vel af stað og gert er ráð fyrir að fyrsta áfangi þess verði lokið árið 2015 og á þá öll skráin verði komin yfir. Þá á eftir að taka ljósmyndir af öllum númerum og yfirfara skráninguna áður en hún er gefin út á netinu. Með tengingu við Sarp er almenningi gert kleift að kynna sér safnskránna og einnig er tryggt að skráningin sé unnin í samræmi við almennar hefðir á Íslandi. Sarpur er stöðugt í þróun en sú vinna kostar töluverða fjármuni og því jákvætt að minjasöfn landsins taki höndum saman um þetta mikilvæga verkefni.

Skráningarvinna kallar á töluverða þekkingu, nákvæmni og úthald og miklu skiptir að vinna verkið heildrænt.

Starfsemin

Hlutverk safna er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að safnkostinum og vekja athygli á honum. Hlutverk byggðasafna er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins.

Starfsmenn safnsins

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Fastráðnir starfsmenn: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Haraldur Haraldsson, safnvörður bæði í 100% starfi. Lausráðnir starfsmenn voru: Friðrik Friðriksson sem vann í 2 mánuði og Linda Rós Autry í 4 mánuði bæði í 50% starfi í atvinnuátaki en Linda kom inn á vegum Efnisveitunnar. Kristín Ósk Hjartardóttir Wium kom inn sem sumarstarfsmaður í um tvær vikur í 100% starfi og frá vinnuskóla Reykjanesbæjar komu Samúel Gísli Karlsson og Tómas Árnason, sem sinntu gestamóttöku í Stekkjarkoti og aðstoðuðu við ýmis verkefni í Ramma báðir í 100% starfi í tvo mánuði auk aukavinnu um helgar í Stekkjarkoti. Í upphafi árs var samið við Huldu Björk Þorkeldsdóttur fráfarandi forstöðumann Bókasafns Reykjanesbæjar að hún tæki að sér verkefni fyrir menningarskrifstofum einkum á sviði skráningar. Vinnustöð hennar er í Ramma og tók hún til starfa í ársbyrjun og er í 100% starfi. Þá tókum þátt í fyrirmyndardegi og fengum Edvin Ström í heimsókn.

Helstu verkefni

Uppsetning sýningar á miðlofti Bryggjuhúss, yfirfærsla skráningar í Sarp, endurskipulagning í Ramma, skipulag og móttaka nemendahópa á miðloftssýninguna. Þá tóku starfsmenn byggðasafns þátt í uppsetningu sýningarinnar Rokksafn Íslands í Hljómahöll, sýningar um ljósmyndarann Jón Tómasson og sýninga Listasafns Reykjanesbæjar. Byggðasafnið var samstarfsaðili að lokaáfangi fornleifarannsókná Höfnum.

Áhersla var lögð á að efla þátttöku almennings í minjavörslunni, með reglulegum fræðslufundum í Bíósal og spjalli við áhugasama einstaklinga í Ramma.

Tekið var á móti farandsýningu um aldarsögu bræðsluiðnaðarins frá Síldarminjasafninu á Siglufirði. Settar voru upp þrjár smærri sýningar í Bókasafni og ein í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þá var tekið á móti gestum í Stekkjarkoti, Duushúsum og Víkingaheimum, Efnisveitunni sinnt og aðstoðað varaðndi bæjargeymsluna. Við tókum á móti náttúrugripum og listaverkum úr dánarbúi Áka Gränz. Hófum rannsóknarvinnu vegna sýningar í tilefni 100 ára afmælis kosningarréttar kvenna árið 2015. Söfnuðum heimildum með ljósmyndum Jóns Tómassonar, útveguðum myndir í til dæmis sögu lögreglunnar á Suðurnesjum, sögu UMFN og í greinar í Faxa.

Ráðstefnur, námskeið og fundir.

Sigrún Ásta, safnstjóri, sótti vörfund safna á sviði þjóðminjavörslunnar og flutti þar erindi. Hún sótti einnig ásamt Haraldi Haraldsyni, safnverði, farskóla safnmanna sem að þessu sinni var haldin í Berlín. Sigrún sat ráðstefnu um söguferðaþjónustu og flutti þar erindi og ráðstefnu Minjastofnunar Íslands, svo það helsta sé talið.

Sigrún Ásta og Hulda Björk sóttu tvö námskeið hjá Sarpi um skráningarmál og tvö hjá fyrirtækinu Focal um gæðastjórnun.

Rekstur safnsins

Ársvelta safnsins 2014 var kr 52.433.941, styrkir og tekjur: 4.590.617, þannig að framlag bæjarins var 48.007.941. Skipting fjáris: Laun og launatengd gjöld: 18.291.751, húsnæðiskostnaður: 24.621.391, annar rekstur: 1.830.182 og sérstök verkefni: 7.690.671.

Endurskipulag Rammans.

Ákveðið hefur verið að skrifstofur Safnamiðstöðvarinnar í Ramma verði fluttar í litla húsið sem er áfast með tengibyggingu. Einnig var ákveðið að aðgreina bæjargeymsluna frá safngeymslunni og haga málum þannig að bæjargeymslan hafi eigin vörumóttökuhurð og inngangshurð á norðurhlið en að Safnamiðstöðin noti gafhurðina við austurenda hússins sem vörumóttöku og að aðalinngangurinn verði í skrifstofubygginguna og munu því bílastæði miðstöðvarinnar einnig verða við austurgafli.

Vatnsnes

Að venju var Vatnsneshúsið leigt út til listamanna og handverksfólks. Á árinu 2014 leigðu aðstöðu í húsinu, Halla Harðardóttir Bjarnveig Björnsdóttir, Vera Ósk Steinsen, Ólafur Ingi Brandsson, Marta Haraldsdóttir og Svanfríður Sverrisdóttir, þær tvær síðastnefndu fluttu út á vormánuðum. Um haustið kom Ljósop, félag áhugaljósmyndara í Reykjanesbæ á efri hæðinni.

Sýningar og miðlun

Bryggjuhús

Viðgerðum hússins lauk á vormánuðum og var þá sett upp grunnsýning um sögu bæjarins á miðlofti þess. Jafnframt var sýningin sem var í Gryfjunni tekin niður. Á gunnsýningunni er farið yfir sögu bæjarins frá upphafi (landnámi) fram undir miðja síðustu öld. Með gripum, myndum og textum. Áhersla var lögð á að sýningin ynni með húsinu enda spilar húsið stórt hlutverk í upplifun gesta á sýningunni.

Hönnuðir sýningarinnar voru Inga Þórey Jóhannsdóttir og Gunnar Ottósson. Trésmíða-verkstæðið Sparri sá um alla smíðavinnu en meðal annars voru smíðuð sýningarpúlt fyrir sýninguna og setbekkir. Prentstofan Stapaprent sá um alla prentvinnu utan prentunar á náttúrulífsmýndum sem prentaðar voru af fyrirtækinu Tvíbirni í Reykjavík, auk þess prentaði Skiltagerðin í Reykjanesbæ myndir inn í plexíglar. Náttúrulífsmýndirnar tók Ellert Grétarsson en aðrar myndir koma úr Myndasafni Reykjanesbæjar og kort frá Landmælingum ríkisins. Allir textar voru unnir af Sigrúnu Ástu Jónsdóttur en Anna Yates sá um enskar þýðingar.

Sýningin var opnuð 29. maí og mætti fjölmenni við athöfnina. Góður rómur var gerður að sýningunni en mörgum fannst erfitt að fara upp stigann sem er ansi brattur. Mikilvægt er að huga að því að setja lyftu á milli hæðanna.

Yfirlit yfir fjármál sýningarinnar

Tekjur

Safnasjóður	1.500.000
Menningarsjóður Suðurnesja	800.000
Framlag Reykjanesbæjar	7.717.465
Samtals	10.017.465

Gjöld

Myndir, myndvinnsla og prentun	937.199
Verktakar, efni og flutningar	4.440.067
Eigið framlag	4.600.000
Annað	40.199
Samtals	10.017.465

Bíosalur

Á Ljósanótt var opnuð sýningin *Ljósmyndarinn, Jón Tómasson*, sem var unnin af fjölskyldu Jóns í tilefnis þess að hann hefði orðið hundrað ára á árinu. Fjölskyldan valdi myndirnar, lét skanna þær inn og hannaði uppsetninguna í salinn. Þá gáfu þau út bækling þar sem varpað var ljósi á bæjarlífið á sjötta áratug síðustu aldar þegar flestar myndirnar voru teknar, Skúli Magnússon, sagnfræðingur, ritaði textann.

Farandsýning um 100 ára sögu Síldarbræðslunnar sem kom frá Síldarminjasafninu á Siglufirði var opnuð 31. október og stóð út árið. Með henni var útbúin ljósmyndasýning á skjá með ýmsum myndum úr Myndasafni Reykjanesbæjar sem tengdust þessari sögu.

Safnafræðsla



Nemendur í 4. bekk Heiðaskóla í heimsókn á sýningunni á miðlofti Bryggjuhúss, desember 2014.

Kynningarbréf voru send til leikskóla Reykjanesbæjar í janúar og september þar sem kynnt var þjónusta vegna þorrans í Stekkjarkoti og Bryggjuhúsi að hausti. Grunnskólar fengu einnig bréf varðandi skólaheimsóknir í Bryggjuhús. Þá voru haldnir tvennir kynningarfundir um það sem í boði er fyrir skólahópa í Bíósal í samstarfi við fræðslufulltrúa Menningar sviðs.

Skólahópar víðsvegar að nýttu sér að skoða Víkingaheima en starfsfólk hússins tók á móti þeim hópum. Á vordögum 2014 var öllum 5 bekkingum Reykjanesbæjar boðið að koma í Víkingaheima til að fræðast um elsta hluta sögunnar. Í Bryggjuhúsi var boðið upp á almenna kynningu og um jólin voru hinir gömlu jólasveinar kynntir ásamt þeim sögulega veruleika sem þeir tengjast. Jafnframt var áhersla lögð á að kynna Bryggjuhúsið.

Bryggjuhúsið: 12 hópar komu frá leikskólum alls 120, 9 hópar frá grunnskólum alls 290, smt alls: 410.

Víkingaheimar, það var ekki haldið sérstaklega utan um tölu skólahópa sem komu í húsið en alls komu 2488 börn í heimsókn, áætlað er að um 15% þeirra eða um 370 hafi komið í skólahópum

Rammi: 90 skólanemar

Stekkjarkot: um 140 leikskólabörn

Alls eru það þá um 1000 nemendur sem nýttu sér þjónustuna.

Þorrinn

Þorrakistur með munum og texta um mat og matargerð til forna voru lánaðar til 5 leikskóla Reykjanesbæjar í einn sólarhring hverjum. Þá gátu leikskólar fengið lykil að Stekkjarkoti í viku í senn og nýttu 7 leikskólar og 1 grunnskóli sér það.

Sjómanna dagurinn og 17 júní

Tekið var þátt í dagskrá á sjómanna dag í Duushúsum og veitt aðstoð vegna fjallkonunnar við hátíðardagskrá á 17. júní.

Bókasafn

Í bókasafni voru settar upp 3 sýningar, um þorrann, vinabæi og jólakaffið.

Gestafjöldi

Gestafjöldi: Heildarfjöldi skráðra gesta í Duushúsin var 37.416, í Víkingaheimum 22.711, í Stekkjarkot komu um 600 manns og í Ramma: 1.111. Heildarfjöldi þeirra gesta sem taldir voru inn í hús þar sem byggðasafnið var með sýningar eða starfsemi árið 2014 var: 61.838.

Fræðslufundir

Ákveðið var að leggja sérstaka áherslu á að efla þátttöku almennings í minjavörslunni. Lagt var af stað með að halda fasta fræðslufundi fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði á vetrartíma í Bíósal Duushúsa kl 17.30 til 19.00. Gripið var til þess ráðs að senda fjölda fólks bréf til að kynna þessa nýjung. Haldnir voru tveir fundir á árinu. Sá fyrri var haldinn 1. nóvember þar sem kynnt var sýning Jóns Tómassonar og hugmyndir um að endurvekja Sögufélag Suðurnesja. Síðari fundurinn var haldinn 5. nóvember en sérstakur gestur fundarins var Eiríkur Hermannson, sagnfræðingur, sem kynnti rannsóknir sínar á blaði sem UMFK gaf út á fjórða áratug síðustu aldar. Fjöldi gesta á þessum fundum var rétt í kringum eitt hundrað manns.

Vefur og Facebook

Birtar voru 14 fréttir á vefsíðu safnsins en fyrsta frétt ársins fjallaði um það að nú er safnið komið á Facebook en þar hafa verið settar inn 34 færslur af safninu. Á vefsíðu safnsins er m.a. finna brot úr sögu safnsins, yfirlit yfir húsnæði safnsins, ársskýrslur og grunnskjöl.

Rannsóknir

Fornleifarannsókn í Vogri Höfnum, 2014



Hús nr 3 nánast fullgrafið

Sjötti áfangi rannsókna hófst 26 maí og stóð til 13. júní. Það var Fornleifafræðistofan undir stjórn dr. Bjarna F. Einarssonar, fornleifafræðings, sem stjórnaði rannsókninni. Á vegum fornleifafræðistofunnar unnu við rannsóknina: Ármann Guðmundsson og Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingar, og fornleifafræðinemarnir Ármann Dan Árnason, Viktoría Halldórsdóttir og miðaldafræðineminn Oliver Organista. Seinni hluta tímabilsins bættist Kevin McAleese fornleifafræðingur hjá Þjóðminjasafni Nýfundnalandis við hópinn. Tveir þeir síðastnefndu voru sjálfboðaliðar við rannsóknirnar. Þá var leitað til dr. Ólafs Eggertssonar, viðarfræðingur, til að sjá um viðargreiningar á viðarkolasýnum.

Reykjanesbær sá um fæði og húsnæði á rannsóknartímanum og stóð straum af kostnaði vegna forvörslu. Fornleifafræðistofan bar ábyrgð á rannsókninni og lánaði tæki og tól sem nauðsynleg voru fyrir rannsóknina. Fornleifafræðistofan annaðist einnig forvörslu, úrvinnslu og skýrslugerð til Minjastofnunar.

Rekstur fornleifarannsóknarinnar, 2014

Gjöld

Jarðvinna og þjónusta	kr 282.736
Fæði	kr 178.627
Forvarsla	kr 543.572
Samtals	kr. 1.004.935

Allur þessi kostnaður féll á Byggðasafnið en Fornleifafræðistofan fékk styrki til rannsókna úr Fornminjasjóði og Menningarsjóði Suðurnesja fyrir vinnuframlagi sínu, akstri og not á búnaði. Gisting var að venju í boði Sóknarnefndar Kirkjuvogskirkju.

Skýrsla VI um rannsóknarinnar árið 2014 eftir dr. Bjarna F. Einarsson, fornleifafræðing, hefur verið skilað inn til Minjastofnunar, niðurstaðan hennar er hér fyrir neðan.

Nú hefur því verið haldið fram í tvígang að síðasta sumarið sé afstaðið, en lengi er von á einum. Enn á ný upplifðum við mannvirki sem ekki var hægt að klára á tilsettum tíma. Hluti af skýringunni er að mannvirkið var flóknara en svo að hægt væri að ljúka rannsókn á því á þeim tíma sem við höfðum til umráða og ekki fékkst það fé sem þrátt fyrir allt var sótt um til að ljúka rannsóknum.

Hús 3 er nú örugglega svokallað jarðhýsi af nokkuð algengri gerð, þó vissir þættir í því séu sjaldgæfir og jafnvel einstakir eins og veggjagerðin. Húsið hafði að geyma tvö eldstæði, annað af klassískri gerð í horni og hitt nokkuð sérstakt á miðjum langvegg. Húsið var ekki alveg nægilega niður grafið til að uppfylla ströngustu kröfur um jarðhýsi, en á móti kemur að grafið hafði verið niður á hraunhelluna og neðar var ekki hægt að komast með góðu.

Gripafjöldi í húsinu var ekki eins mikill og vonir höfðu staðið til, en í fyllingu hússins fannst afskorinn hluti af tönn sem gaf fyrirheit um að fleiri slíkra gripa gæti verið að vænta á gólfi hússins og þá hefði staðið heima að þarna voru tennur unnar og undirbúnar fyrir útflutning. Svo var ekki.

Húsið var mun verr farið en skálinn og það gæti þýtt að það hafi verið aflagt eitthvað áður en sjálfur staðurinn var yfirgefinn. Þá hefur jarðhýsið tilheyrt fyrsta skeiði dvalar fólks á staðnum og þegar stór skáli hafði verið byggður, eða öllu heldur litlu húsi breytt í skála, lauk hlutverki þess og skálinn tók við því.

Enn styrkist sú tilgáta að Vogur sé útstöð frá N-Evrópu og sé undanfari hins eiginlega landnáms sem átti sér stað í kjölfarið og kannski einmitt vegna þeirrar reynslu sem fólk hafði fengið af slíkum útstöðvum víðar um landið.



Mannvirki nr. 4

Safnkosturinn

Munasafn

Heildarfjöldi færslna í safnskrá við áramót eru 13.179 og er það fjölgun um 882 frá síðustu áramótum. Þar af voru 219 færslur vegna Poppminjasafns en nýskráningar í munasafn voru 101 færsla en úr fórum safnsins voru 399 færslur

Munir sem skráðir hafa verið á árinu 2014 í munasafn eru af fjölbreytilegu tagi, þar má finna: merki, fána, skilti, húsgögn, húsbúnað, rafmagnstæki, ljós og ljósa hluti, fatnað og vinnufatnað, verkfæri, ferðahluti, ljósmyndahluti, skrautmuni, listgripir, umbúðir, sjávarútvegshluti, hannyrðir, jóladót, tímarit, bækur, innrömmuð skjöl, teikningar og ljósmyndir, verslunarhlutir, snyrtiáhöld, leiktæki, skóladót og skrifstofuhluti

Yfirlit yfir gefendur til munasafnsins, sem skráðir eru í safnbók árið 2014.

Ný aðföng

Björn Ragnarsson, Duushús, G. Marel Sigurðsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðríður Anna Waage, Haraldur Á. Haraldsson, Helga Ingólfssdóttir, Holtaskóli, Hulda Sveinsdóttir, Ingólfur H Matthíasson, Jón Sævar Sigurðsson, Kalka, Leifur Gunnlaugsson, Magnús Bergmann Matthíasson, Njarðvíkurskóli, Rúnar Ragnarsson Woods, Sigurbjörg Kjartansdóttir og Þorbjörn Datnzko, Sigurfríð Rögnvaldsdóttir, Stefán Kristinsson, Sveinbjörn Jónsson, Sveinn Guðnason, Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Valur Guðmundsson, Þórdís Karlsdóttir, Þórður Reimarsson, Þórir Jónsson og Þórir Ólafsson. *Samtals alls 101 færslur*

Úr fórum safnsins voru skráðir gripir sem eftirfarandi hafa gefið til safnsins í gegnum tíðina, Samtals: 147 númer og án gefanda voru samtals 252 númer, aðallega innrammaðar myndir. Samtals alls: 399 færslur

Alma V. Sverrisdóttir, Áki Gränz, Bókasafn Keflavíkur, Brunavarnir Suðurnesja, Byggðasafn Reykjanesbæjar, Börge Gunnarsson Sørensen, Guðrún Bjarnadóttir, Heimir Stígsson, Helga Ingólfssdóttir, Jenný Emelía Olsen, Jón Guðmundsson, Keflavíkurbær, Kristín Guðbrandsdóttir, Njarðvíkurbær, Olíusamlag Keflavíkur, Reykjanesbær, Stapinn, félagsheimili, Sigrún Ásta Jónsdóttir, Sveindís Valdimarsdóttir, Tómas Knútsson, og Ökuleiðir, Bifreiðastöð Keflavíkur

Á árinu 2014 tókst að ljúka frumskráningu munasafns og þá bara eftir að stemma safnskrána af en í því ferli getur falist leiðréttingar á safnskrá.

Á árinu hófst yfirfærsla safnskrár munasafn í Sarp og voru færslur í Sarpi við áramót 5104 safnnúmer sem er um 39% safnskrárinnar. Mikil vinna var fólst í að færa inn alla nafnaskrá munasafns og tók það um 2 mánuði kemur sú vinna til góða fyrir allt verkefni. Í nafnaskrá eru færð nöfn gefanda, þeirra sem notað hafa hlutina, höfunda þeirra og ákveðnum tilfellum þeirra sem afhenda hlutina.

Ljósmyndir eru komnar með 1419 safnnúmerum. Brýnt er að halda þeirri vinnu vel áfram þannig að tryggt verði að almenningur geti notið þess að skoða safnið þar sem Sarpur er aðgengilegur öllum almenningi á netinu, sapur.is.

Poppminjasafn Íslands

Úr fórum safnsins voru skráð 79 númer frá Smekkleysu og 40 númer án gefanda. Samtals alls 119 númer. Ný aðföng komu frá Páli Óskair Hjálmtýssynin og Stefáni Sigurjónssyni, samtals alls 100 númer.

Það sem kom inn voru margvíslegir gripir úr starfsemi Smekkleysu, búningar ofl. frá Páli Óskari og töluvert af hljómplötuumslögum frá upphafsárum safnsins.

Myndasafn.

Myndasafninu er skipt í þrjú megin söfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum.

Í almenna safninu voru við áramót skráðar 41.710 myndir. Haldið var áfram við skönnun mynda og um áramót var búið að skanna inn 15.421 myndir þar af voru 1.716 skannaðar á árinu 2014. Á árinu voru 2.770 myndir settar í umslög og hafa þá 8.579 myndir verið settar í umslag. Mikil vinna er eftir við að umbúðavæða og skipuleggja safnið.

Í filmusafni Heimis Stígssonar eru skráðar 47.163 tölur. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og að skanna inn fleir valdar myndir. Nú hafa 2992 tölunúmer úr safninu verið skönnuð. Aðgengilegar á vefnum eru 3.369 myndir sem eru bæði heilar tölur og einstakar myndir. Á árinu 2014 voru skönnuð inn 5 númer.

Yfirlit yfir skönnun mynda þ.e. miðað er við fjölda safnnúmera:

	Myndir	filmusafn Heimis	samtals
Árið 2012	alls 8.482	0	8.482
Árið 2013	alls 5.223	2.992	8.215
Árið 2014	alls 1.716	5	1.721
Smt alls	15.421	2.997	18.418

Heildarfjöldi númera í safninu eru 88.874 en safnið er ekki fullskráð og má búast við að númer í safninu séu í kringum 100.000. Ef haldið hefði verið áfram að skanna inn eins og gert var á árunum 2012 og 2013 þá hefði það tekið um 8 ár til viðbótar að skanna inn skráð númer. Ef miðað er við árangurinn 2014 þá ætti það að taka um rétt um hálföld að ljúka innskönnun.

Í stafræna myndabanka byggðasafnsins eru alls: 28.526 myndir

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þríþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttaréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar myndir frá svæðinu. Nú eru um 5.247 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um skráningu og alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Í lok ársins var opnuð gátt á

vef Byggðasafnsins að safninu, í gegnum Youtube-síðu Viðars, þar sem sjá má myndbrot úr safninu.

Skjalasafn Reykjanesbæjar

Lítið hefur miðað áfram með skjalasafnið. Afar brýnt er að mótuð sé stefna um skjalamál bæjarfélagsins og henni fylgt eftir. Það er algerlega óásættanlegt að þessu máli sé ekki sinnt eins og landslög kveða á um.

Reykjanesbæ 09.02.2015

Sigrún Ásta Jónsdóttir